

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Mýrarkots, Hlyngerði 6 og 8.*
Í breytingunni felst að lóðin Hlyngerði 6 sem í dag er 14.056 m² að stærð verður Hlyngerði 6 stærð 7.043 m² og Hlyngerði 8 stærð 7.014 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 5. október 2011.
2. *Breyting á deiliskipulagi Kerhrauns, svæði C, lóðir 33 og 36.*
Í breytingunni felst að lóðir nr. 33 og 36 í Kerhrauni verða sameinaðar í eina lóð, nr. 36 sem verður 11.420 m² eftir sameininguna.
Samþykkt í sveitarstjórn 21. desember 2011.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Norðurkots.*
Í breytingunni felst m.a. að hámarksnýtingarhlutfall lóða verður 0,03 með þeirri undantekningu að á lóðum sem eru 0,4 ha eða minni, miðast hámarksbyggingarmagn við 120 m². Á hverri lóð má auk frístundahúss reisa tvö aukahús allt að 40 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 17. ágúst 2011.
4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs, Lokastígur 1 og 3.*
Í breytingunni felst að markarlína milli lóða Lokastígs 1 og 3 færist og minnkar þannig lóð 1 úr 8.245 m² í 6.223 m² og lóð 3 stækkar úr 8.785 m² í 10.806 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 9. nóvember 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. maí 2012.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.